# Lög Ferðaklúbbsins 4x4
# Samþykkt á aðalfundi 11. maí 2015

## I. kafli
## Nafn félagsins og tilgangur

*1. grein*

Félagið heitir Ferðaklúbburinn 4x4 og hefur aðsetur í Reykjavík. Ferðaklúbburinn 4x4 er samtök um ábyrga ferðamennsku á hálendi Íslands og búnað fjórhjóladrifsbifreiða.

*2. grein*

**Markmið félagsins eru:**

- *Að standa vörð um ferðafrelsi.*
- Að ná til sem flestra sem áhuga hafa á ferðalögum um landið á fjórhjóladrifsbifreiðum.
- Að gefa gott fordæmi um umgengni og verndun landsins með jákvæðri eftirbreytni og umræðu um náttúruvernd.
- Að gæta hagsmuna félagsmanna varðandi búnað fjórhjóladrifsbifreiða og annað er lýtur að fjórhjóladrifsbifreiðum og ferðalögum í samráði við viðkomandi yfirvöld.
- Að efla þekkingu félagsmanna á öllu því er við kemur útbúnaði fjórhjóladrifsbifreiða og ferðalögum um byggðir og óbyggðir landsins.
- Að efla tengsl og kynni félagsmanna.

## II. kafli
## Félagsfundur og stjórn

*3. grein*

Aðalfundur hefur æðsta vald í öllum málefnum félagsins. Hann skal haldinn árlega í maí mánuði.

Fundurinn skal boðaður félagsmönnum með auglýsingu í dagblaði og á forsíðu á vefsíðu félagsins með minnst sjö daga fyrirvara. Í fundarboði skal greina fundarefni svo og

fjárhagslegar tillögur, sem ætlast er til að bornar verði undir atkvæði. Rétt til setu á aðalfundi hafa allir félagar í öllum deildum og móðurfélagi sem hafa staðið full skil á gjöldum til félagsins. Hinir sömu hafa einnig atkvæðisrétt á aðalfundi.
Á dagskrá aðalfundar skulu vera venjuleg aðalfundarstörf, þ.e:
1. Setning fundar og dagskrá kynnt.
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
3. Skýrsla stjórnarinnar um störf félagsins á liðnu starfsári.
4. Umræða um skýrslu stjórnar.
5. Skoðaðir reikningar lagðir fram og skýrðir.
6. Umræða um reikninga og þeir bornir upp til samþykktar.
7. Skýrslur nefnda, ef kjörnar hafa verið.
8. Lagabreytingar frá stjórn, nefndum eða félagsmönnum.
9. Kjör stjórnar, varamanna og fastanefnda.
10. Kjör Skoðunarmanna.
11. Önnur mál.
12. Fundarslit.

*4. grein*

Rétt boðaður aðalfundur er löglegur, án tillits til fundarsóknar. Einfaldur meirihluti atkvæða á fundinum ræður úrslitum nema um annað sé getið í lögum þessum. Stjórn getur boðað til aukaaðalfundar ef hún telur þess þörf. Ef 100 eða fleiri félagsmenn óska eftir því skriflega að halda aukaaðalfund skal stjórn verða við þeirri ósk og boða til hans innan tíu daga fá því að beiðni berst. Um boðun aukaaðalfundar, dagskrá og önnur fundarsköp gilda sömu reglur og um venjubundna aðalfundi félagsins.

*5. grein*

Stjórn félagsins skal skipuð fimm stjórnarmönnum: formanni, ritara, gjaldkera og tveimur meðstjórnendum. Ár hvert skal formaður kosinn sérstaklega til eins árs. Auk þess skulu kosnir tveir meðstjórnendur til tveggja ára. Kjósa skal einn varamann fyrir hverja tvo meðstjórnendur sem kosnir eru á sama aðalfundi. Kosningar skulu vera skriflegar, sé þess óskað. Meðstjórnendur verða þeir tveir sem flest atkvæði hljóta. Varamaður er kosinn sérstaklega. Forfallist formaður skal ritari taka sæti hans, en að öðru leyti skiptir stjórnin með sér verkum. Formaður getur boðað varamenn á stjórnarfundi, þegar þess er talin þörf. Varamenn í stjórn skulu hafa aðgang að fundargerðum stjórnar.

6. *grein*

Skoðunarmenn eru tveir og skulu þeir kjörnir á aðalfundi til eins árs í senn. Kosning skal fara fram skriflega, sé þess óskað. Hlutverk skoðunarmanna er að yfirfara bókhald félagsins og gæta þess að farið sé eftir viðurkenndum bókhaldsaðferðum og viðteknum venjum um gerð ársskýrslu.

7. *grein*

Stjórn er skylt að boða til almenns félagsfundar ef 50 félagsmenn eða fleiri krefjast þess skriflega til stjórnar. Boði stjórnin ekki slíkan fund innan tveggja vikna frá því henni barst krafan, geta þeir sem fundar óska boðað til hans.

8. *grein*

Stjórn félagsins kemur fram fyrir hönd þess milli aðalfunda og ræður málefnum þess með þeim takmörkunum sem lög þessi setja. Stjórnin mótar starfsemi félagsins milli aðalfunda og ber ábyrgð á fjárreiðum þess. Samþykki aðalfundar þarf þó fyrir ráðstöfun fasteigna svo og fyrir fjárskuldbindingum og ráðstöfun lausafjármuna sem nema hærri upphæðum en tekjum yfirstandandi árs. Slíkar fjárbeiðnir skulu berast stjórn minnst einum mánuði fyrir aðalfund. Stjórn getur boðað til auka aðalfundar eftir þeim reglum sem um hann gilda, ef samþykki félagsmanna þarf fyrir ráðstöfun fjármuna milli aðalfunda.

9. *grein*

Innan félagsins og undir handleiðslu stjórnar starfa eftirfarandi fastanefndir sem fara með helstu málefni tengd starfsemi félagsins:

**Fjarskiptanefnd** Hlutverk nefndarinnar er að sjá um rekstur fjarskiptakerfis klúbbsins og hafa samskipti við fjarskiptayfirvöld. Fjarskiptanefnd skal miðla upplýsingum um fjarskiptamál til félagsmanna.

**Litlanefndin**. Hlutverk nefndarinnar er að sinna ferðalögum og kynningarstarfi fyrir eigendur minna breyttra jeppa og skipuleggja ferðir sem henta þeim sem og öðrum félagsmönnum.

**Vef- og upplýsinganefnd**. Hlutverk nefndarinnar er umsjón með vef- og útgáfustarfsemi klúbbsins.

**Skálanefnd** Hlutverk nefndarinnar er að hafa umsjón með skála félagsins s.s. byggingu, viðhaldi, rekstri og útleigu.

**Tækninefnd**. Hlutverk nefndarinnar er að vera fulltrúi klúbbsins gagnvart yfirvöldum er varða tæknimál tengd fjórhjóladrifsbifreiðum og miðla upplýsingum og sjónarmiðum klúbbsins bæði innan hans og utan.

**Umhverfisnefnd**. Hlutverk nefndarinnar er að sinna verkefnum sem tengjast umhverfismálum og hagsmunum klúbbsins og félagsmanna hans gagnvart hlutaðeigandi yfirvöldum, ásamt öðrum verkefnum er varða umhverfismál innan og utan klúbbsins.

**Fasteignanefnd.** Hlutverk nefndarinnar er að hafa umsjón með fasteign félagsins í Reykjavík og má þar nefna tillögur um viðhald, breytingar, endurbætur svo og reglusmíð um nýtingu á félagsaðstöðunni. gerð reglna ur um nýtingu húsnæðisins og útleigu. Nefndin skal skipuð fimm mönnum, þar af er gjaldkeri félagsins sjálfskipaður.

Kosning í ofangreindar nefndir skal vera til tveggja ára. Annað hvert ár skulu kosnir tveir í nefndirnar, en hitt árið þrír. Við hverjar kosningar í nefndir getur aðalfundu ákveðið að fjölga eða fækka í nefnd fyrir það kjörtímabil fastanefndar sem kosið er til. Þó skulu aldrei færri en þrír sitja í fastaefnd.
Fastanefndir hafa umboð til að leita til félagsmanna um aðstoð við ákveðin verkefni sem og til stjórna landsbyggðardeilda og annarra nefnda. Stjórn skal funda með nefndum eftir aðalfund og afhenda þeim skipunarbréf sín þar sem hlutverk nefnda eru skilgreind nánar.

*10. grein*

Stjórn félagsins hefur heimild til að skipa stjórnskipaðar nefndir til ákveðins tíma til að vinna að verkefni eða verkefnum er tengjast starfsemi félagsins. Skal stjórn skrifa sérstakt skipunarbréf þar sem fram kemur tilgangur nefndarinnar, nöfn nefndarmanna og hver starfstími nefndarinnar er. Stjórn félagsins getur hvenær sem er lagt niður stjórnskipaða nefnd.

*11. grein*

Allar nefndir skulu kjósa sér formann og tilkynna stjórn hver hann er. Formaður nefndar er tengiliður nefndarinnar við stjórn félagsins og ber ábyrgð á að koma upplýsingum til og frá nefndinni og vera fulltrúi hennar.
Segi maður sig úr nefnd, eða ef ekki næst að fullmanna nefnd á aðalfundi, skulu sitjandi nefndarmenn gera tillögur um staðgengil, sem mun starfa með nefndinni fram að næsta aðalfundi. Tillagan skal send stjórn félagsins, sem tekur ákvörðun um skipun staðgengils á stjórnarfundi. Segi allir nefndarmenn sig frá störfum er það á ábyrgð stjórnar að skipa staðgengla fram að næsta aðalfundi, en þá skal kjósa nýja nefndarmenn ef um fastanefnd er að ræða.

*12. grein*

Sé stjórnskipuð nefnd samkvæmt 10. grein laganna óstarfhæf er stjórn heimilt að skipa nýja nefndarmenn. Meirihluti fastanefndar getur óskað eftir að stjórn hlutist til um mannabreytingar í nefndinni, fer með slíkar mannabreytingar eins og fram kemur í

*13. grein*

Landsfundur skal haldinn ár hvert og þar hafa seturétt allir stjórnar- og nefndarmenn félagsins, svo og stjórnarmenn landsbyggðardeilda eða aðrir þeir fulltrúar sem stjórnir vilja senda í þeirra stað. Landsfundur skal vera ráðgefandi um mörkun stefnu komandi starfsárs og vera stjórn til leiðsagnar um verkefni sem taka skal fyrir á starfsárinu.

## III. kafli
## Réttindi og skyldur félagsmanna

*14. grein*

Félagi getur hver sá orðið sem áhuga hefur á markmiðum félagsins. Inntökubeiðni skal vera skrifleg og send stjórn félagsins. Sæki félagi um flutning á milli deilda skal það tilkynnt skriflega til stjórnar og tekur flutningurinn gildi við upphaf næsta starfsárs.
Hver félagi getur skráð einn aukafélaga sem hefur sama lögheimili og aðalfélagi án sérstakrar greiðslu fyrir hann.
Aukafélagar hafa sömu réttindi og skyldur og aðalfélagar að því undanskyldu að þeir hafa ekki atkvæðisrétt á aðalfundi og deila póstsendingum frá klúbbnum með aðalfélaga.

*15. grein*

Stjórn félagsins hefur ein heimild til að standa í vegi fyrir því að einstakir aðilar fái aðild að félaginu og getur ein vísað félagsmanni úr félaginu, ef sýnt þykir eða sannað að framkoma viðkomandi samræmist ekki markmiðum félagsins. Sé manni meinuð aðild að félaginu getur hann borið mál sitt undir aðalfund félagsins og hefur aðalfundur einn rétt til að breyta ákvörðun stjórnar.

*16. grein*

Stjórn félagsins getur lagt til að kjörnir séu heiðursfélagar þeir sem leyst hafa af hendi mikilsverð störf eða unnið sérstaklega mikið fyrir félagið. Kjör heiðursfélaga skal staðfest af aðalfundi.

*17. grein*

Reikningsár félagsins er frá 1. apríl til 31. mars ár hvert. Félagsgjöld gilda fyrir reikningsár félagsins og gjaldagi þeirra skal vera 1. nóvember og eindagi skal vera eigi síðar en 31. desember ár hvert. Sé félagsgjald ekki greitt á eindaga missir félagi atkvæðisrétt í málefnum félagsins. Hafi félagsgjald ekki verið greitt í heilt starfsár fellur félagi af félagaskrá.
Þeir félagsmenn sem náð hafa 67 ára aldri og verið skráðir félagsmenn í fimm ár þar á undan fá fría aðild að klúbbnum.

*18. grein*

Fjármunum félagsins skal eingöngu varið til starfsemi þess og til málefna tengdum hagsmunum þess.

## IV. kafli
## Landsbyggðardeildir

*19. grein*

Félagsmönnum sem búa fjarri aðsetri félagsins er heimilt að stofna landsbyggðardeild innan félagsins samkvæmt nánara samkomulagi við stjórn þess. Stofnun deildarinnar skal staðfest á næsta aðalfundi félagsins þar á eftir.

*20. grein*

Landsbyggðardeildir skulu kjósa sér minnst þriggja manna stjórn og minnst einn skoðunarmann með bundinni kosningu. Formann skal kjósa sérstaklega til eins árs í senn en aðrir skulu kosnir til tveggja ára.

*21. grein*

Landsbyggðardeild skal setja sér lög um innri málefni deildarinnar t.d. skipanir sérstakra nefnda um innra starf viðkomandi landsbyggðardeildar. Að öðru leyti gilda lög félagsins. Lög landsbyggðardeildar skal senda til staðfestingar til stjórnar félagsins og sé ósamræmi milli laga félagsins og landsbyggðardeildarinnar skulu lög félagsins vera rétthærri.

*22. grein*

Stjórn landsbyggðardeildar ræður málefnum hennar með þeim takmörkunum sem lög þessi setja. Hún mótar nánar starfsemi hennar og ber ábyrgð á fjárreiðum hennar. Fjármunum deilda skal aðeins varið til starfsemi þeirra og til að vinna að málefnum tengdum hagsmunum þeirra.

*23. grein*

Landsbyggðardeild fær ¾ hluta félagsgjalds sinna félagsmanna til ráðstöfunar. Skrifstofa félagsins sér um innheimtu félagsgjalda.
Landsbyggðardeildir hafa sjálfstætt og aðskilið bókhald og fjárhald frá félaginu að öðru leyti og geta því ekki skuldbundið félagið fjárhagslega og gagnkvæmt. Deildir skulu skila stjórn ársreikningi og fundargerð aðalfundar í síðasta lagi mánuði eftir aðalfund. Landsbyggðardeild getur ekki komið fram fyrir hönd félagsins opinberlega nema að fengnu samþykki stjórnar félagsins.

*24. grein*

Öllum er heimill aðgangur að fundum félagsins, hvar sem er á landinu og hafa þeir þar málfrelsi og tillögurétt.  Á aðalfundum landsbyggðardeilda hafa þeir einir atkvæðisrétt sem eru félagar viðkomandi deildar

*25. grein*

Skoðunarmönnum félagsins er heimilt að skoða bækur og gögn deilda óski stjórn félagsins eða landsbyggðardeildar þess. Kostnað af skoðuninni ber sá sem óskar hennar.

*26. grein*

Landsbyggðardeild sem staðfest hefur verið á aðalfundi félagsins verður því aðeins slitið að boðaður hafi verið félagsfundur í henni með a.m.k. sjö daga fyrirvara með sannanlegu fundarboði til allra félagsmanna viðkomandi deildar svo og til stjórnar félagsins, þar sem slit deildarinnar er á dagskrá. Til að tillaga um slit deildar nái fram að ganga þarf samþykki 2/3 fundarmanna boðaðs félagsfundar. Fulltrúa stjórnar félagsins skal heimilt að sitja fundinn og taka til máls, en hann hefur þar ekki atkvæðisrétt. Fráfarandi stjórn landsbyggðardeildar skal tilkynna stjórn félagsins um slit landsbyggðardeildar innan sjö sólarhringa frá því að tillaga um slit deildarinnar var samþykkt.

*27. grein.*

Hafi engin starfsemi verið í landsbyggðardeild um 12 mánaða skeið skal stjórn félagsins boða fund í viðkomandi deild. Á dagskrá fundarins skal vera að kjósa nýja stjórn eða slíta deildinni að öðrum kosti. Um boðun fundarins gilda sömu reglur og um boðun aðalfundar.

*28. grein.*

Sé landsbyggðardeild slitið skal stjórn félagsins taka við umsjá eigna hennar, ef einhverjar eru. Halda skal þeim aðgreindum frá eignum félagsins næstu 3 árin og ef deildin er endurreist innan þess tíma skal hin endurreista deild taka við þeim aftur. Hafi slíkt ekki gerst innan þessara þriggja ára renna eigur deildarinnar í sjóði félagsins.

## V. kafli
## Lokaákvæði

*29. grein.*

Breytingar á lögum þessum má eingöngu gera á aðalfundi. Tillögur að lagabreytingum þurfa að hafa borist stjórn félagsins, *frá fullgildum félagsmanni*, í síðasta lagi 15. apríl og skulu þær kynntar í aðalfundarboði. Til lagabreytinga þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða og telja auð atkvæði með í fjölda greiddra atkvæða.

*30. grein.*

Félaginu verður því aðeins slitið að fyrirfram hafi skriflegt fundarboð verið sent til allra gildra félagsmanna, um að boðað sé til félagsfundar og að skýrt komi fram að fyrirhuguð sé kosning um félagsslit. Kosning skal vera leynileg og þarf samþykkt 2/3 hluta fundarmanna. Sérlega kjörinni kjörstjórn skal falið að sjá um slíka kosningu. Eignir félagsins renna til Umhverfisráðneytisins við félagsslit